

180. aðalráðstefna
Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu
október 2010

Saman að nýju

Thomas S. Monson forseti

Kæru bræður og systur, við bjóðum ykkur velkomin á þessa aðalráðstefnu, sem þið horfið og hlustið á víða um heim, fyrir tilverksnað ýmis konar tækni. Við færum öllum þeim þakkir sem hafa komið að flókinni vinnu þessa yfirgripsmikla verkefnis.

Frá því að við komum síðast saman í apríl síðastliðnum, hefur kirkjan sótt fram óhindrað. Það hafa verið mér forréttindi að vígja fjögur ný musteri. Í samstarfi við ráðgjafa mína og fleiri aðalvaldhafa, hef ég ferðast til Gila Valley, Arisóna; til Vancouver, Bresku Kólumbíu; til Cebu borgar á Filippseyjum; og til Kiev, Úkraínu. Musterin á öllum þessum landssvæðum eru stórbrotin og fögur. Öll eru þau blessun í lífi meðlima okkar og hafa góð áhrif á þá sem ekki eru okkar trúar.

Kvöldið áður en hvert þessara mustera var vígt, nutum við þeirra forréttinda að fara á menningarhátíð, sem unga fólkið okkar tók þátt í, og einnig þeir sem komnir eru af léttasta skeiði. Atburðir þessir eru yfirleitt hafðir á stórum leikvöngum, nema í Kiev, þar sem komið var saman í fagurri höll. Dansinn, söngurinn, tónlistin og sýningaratriðin voru frábær. Ég færi öllum þeim sem þátt tóku þakklæti mitt og kærleika.

Sérhver musterisvígsla er andleg veisla. Við fundum fyrir anda Drottins í þeim öllum.

Í næsta mánuði munum við vígja Laie-musterið á Hawaii, eitt af okkar elstu musturum, sem verið hefur í mikilli endurnýjun í marga mánuði. Við hlökkum til þess helga atburðar.

Við höldum áfram að reisa musteri. Í dag er mér gleðiefni að tilkynna fimm musteri í viðbót, sem verið er að finna lóðir fyrir, og reist verða á komandi mánuðum og árum á eftirfarandi landsvæðum: Lisbon, Portúgal; Indianapolis, Indíana; Urdaneta, Filippseyjum; Hartford, Connecticut; og Tijuana, Mexíkó.

Helgiathafnirnar sem framkvæmdar eru í musturunum eru látnum ástvinum okkar nauðsynlegar til sálhjálp. Megum við halda áfram að fara trúföst í musterin, sem stöðugt eru reist nær meðlimum okkar.

Áður en við fáum að hlýða á ræðumennina í dag, ætla ég að brydda á máli sem mér er hjartfólgið og verðskuldar alla okkar athygli. Ég á þar við trúboðsstarfið.

Í fyrsta lagi beini ég máli mínu til hinna ungu manna Aronsprestðæmisins og hinna ungu manna sem eru að verða öldungar. Ég endurtek það sem spámenn hafa löngum kennt – að sérhverjum verðugum og hæfum ungum manni ber að búa sig undir trúboðsþjónustu. Trúboðsþjónusta er prestðæmisskylda – skuldbinding sem Drottinn væntir af okkur, sem svo mikið hefur verið gefið. Ungu menn, ég hvet ykkur til að búa ykkur undir trúboðsþjónustu. Haldið ykkur hreinum, flekklausum og verðugum þess að vera fulltrúar

Drottins. Viðhaldið heilbrigði ykkar og líkamsstyrk. Lærið ritningarnar. Takið þátt í trúarskóla eldri eða yngri bekkjar, sé það mögulegt. Verið kunnugir trúboðsritinu *Boða fagnaðarerindi mitt*.

Nokkur orð til ykkar, ungu systur: Þótt þið hafið ekki þá sömu prestdæmisábyrgð og ungu mennirnir, að þjóna í fastatrúboði, getur framlag ykkar til trúboðsstarfsins einnig verið dýrmætt, og við erum þakklátir fyrir þjónustu ykkar.

Og nú beini ég máli mínu til ykkar, roskenndur bræður og systur, við þörfnumst miklu fleiri eldri hjóna. Við færum hinum dyggu hjónum sem nú þjóna, eða hafa þjónað, þakkir fyrir trúfesti ykkar og hollustu við fagnaðarerindi Jesú Krists. Þið þjónið fúslega og vel – þið vinnið mikið og gott verk.

Ykkur, sem ekki enn hafið komist á þann aldur að þjóna í hjónatrúboði, hvet ég til að búa ykkur nú undir þann tíma er þið og maki ykkar þjónið sem slík. Þegar aðstæður ykkar leyfa, er þið eruð komin á eftirlaun, og heilsa ykkar leyfir, búið ykkur þá undir að fara að heiman til að þjóna í fastatrúboði. Þær lífsstundir eru fáar þar sem þið fáið notið hins ljúfa anda og fyllingar, sem felst í slíkri sameiginlegri þjónustu í verki meistarans.

Kæru bræður og systur, megið þið verða stillt inn á anda Drottins er við hlýðum á þjóna hans næstu tvo daga. Ég bið þess auðmjúklega að sérhvert ykkar njóti þeirrar blessunar, í nafni Jesú Krists, amen.